

Mennta- og barnamálaráðuneytið  
Sent inn í samráðsgátt stjórnvalda

Ísafirði 18. mars 2026

## Umsögn Ungmennaráðs Vestfjarða um áform um mótun ungmennastefnu, mál nr. S-40/2026

Ungmennaráð Vestfjarða fagnar því að unnið sé að mótun fyrstu heildstæðu ungmennastefnu Íslands. Mikilvægt er að stjórnvöld móti skýra og samræmda sýn á stöðu og framtíð ungs fólks í landinu. Þá er nauðsynlegt að stefnan taki raunverulega mið af mismunandi aðstæðum ungmenna eftir búsetu, sérstaklega í dreifðum byggðum innan landshluta eins og á Vestfjörðum.

Ungmennir á Vestfjörðum búa við aðstæður sem eru í mörgum tilfellum frábrugðnar aðstæðum í stærri þéttbýlisstöðum. Vegalengdir eru miklar, heilsárssamgöngur takmarkaðar sem ræðst m.a. af takmörkunum í vetrarþjónustu og almenningssamgöngum. Aðgengi að fjölbreyttu staðnámi og störfum er því minna en á þéttbýlli svæðum. Þessi veruleiki hefur bein áhrif á möguleika ungs fólks til að sækja sér menntun, taka þátt í samfélagslífi og byggja framtíð í heimabyggð.

Ungmennaráð Vestfjarða telur að ef ungmennastefna Íslands á að stuðla að jöfnum tækifærum fyrir ungt fólk þurfi hún að taka skýra afstöðu til eftirfarandi atriða:

- Menntun og námsaðgengi. Ungt fólk á Vestfjörðum stendur oft frammi fyrir því að þurfa að flytja mjög ungt að heiman til að sækja sér menntun og taka á sig stærri fjárhagslegar byrðar og eða fjölskyldur þeirra í samanburði við stöðu þeirra sem búa á þéttbýlustu svæðum. Mikilvægt er að styrkja tækifæri til náms innan hvers landshluta, stafræna innviði og sveigjanlegt námsframboð svo ungmenni hafi raunhæfa möguleika á að stunda nám án þess að flytja úr heimabyggð fyrr en nauðsynlegt er.
- Samgöngur og tengingar. Takmarkaðar samgöngur innan Vestfjarða og til annarra landshluta geta hamlað þátttöku ungmenna í námi, störfum, tómstundum og lýðræðislegri þátttöku. Ungmennastefna þarf að viðurkenna að samgöngur og stafrænir innviðir eru lykilmörkandi jafnræðis fyrir ungt fólk á landsbyggðinni.
- Atvinnu- og framtíðartækifæri. Eitt stærsta verkefnið fyrir samfélög á Vestfjörðum er að tryggja að ungt fólk sjái raunhæfa framtíð í heimabyggð. Stefnan þarf að leggja áherslu á að skapa fjölbreytt störf, styðja nýsköpun og efla tækifæri ungs fólks til að taka þátt í atvinnulífi og samfélagsþróun í sínum heimahögum og þeirri samsetningu atvinnulífs sem þar er til staðar og þróast

- Brottlutningur ungs fólks. Margir ungir Vestfirðingar flytja frá svæðinu vegna náms eða starfa og koma ekki alltaf aftur. Ef markmið ungmennastefnunnar er að stuðla að jöfnum tækifærum og sjálfbærum samfélögum þarf hún að taka markvisst á þessum veruleika og styðja við aðgerðir sem gera ungu fólki kleift að snúa aftur eða byggja framtíð sína á landsbyggðinni.

Ungmennaráð Vestfjarða leggur einnig áherslu á að tryggt verði að ungt fólk hafi raunveruleg áhrif á stefnumótun sem snertir það. Styrkja þarf hlutverk ungmennaráða sveitarfélaga og landshluta og tryggja reglulegt og formlegt samráð stjórnvalda við ungt fólk bæði við mótun og innleiðingu stefnunnar. Við bendum á að aldursbilið sem ungmennastefnan á að ná til, 13-30 ára, er mjög breytt. Veruleiki ungs fólks innan þessara aldursbils getur verið mjög breytilegur og við teljum þörf á skipta upp þessu víða aldursbili innan stefnunnar.

Ungmennaráð Vestfjarða vonar að ungmennastefna Íslands geti orðið mikilvægt tæki til að bæta stöðu ungs fólks í landinu. Til þess þarf þó að tryggja að stefnan taki skýrt mið af aðstæðum landsbyggðarinnar og stuðli að því að ungt fólk hafi raunhæfa möguleika á að mennta sig, starfa og búa um allt land. Ungmennaráð Vestfjarða er undirbúið til frekara samráðs við mótun stefnunnar. Við leggjum áherslu á að ungmennastefnan verði mikilvægur liður í því að tryggja jöfn tækifæri ungmenna um allt land.

Virðingarfyllt,

Ungmennaráð Vestfjarða, nefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> [Nefnd sem tilheyrir Fjórðungssambandi Vestfirðinga skv. 16. gr. samþykkta FV](#)